

HARALDUR NÍELSSON

I

Prófessor Haraldur Níelsson er nú orðinn einn af þeim Íslendingum, sem frægastir eru meðal annarra þjóða, og skilji einhver ekki hvernig á því stendur, þá má sjá það á bók hans sem heitir Kirken og den psykiske Forskning. Bókin er þrjár fyrirlestrar, sem hann hélt í Danmörku 1921. Það er mér nær að halda, að ef bók þessi hefði fylgi ritdómenda, líkt og skáldsaga eða leikrit, sem samið væri af álíka snilld, eða þó að nokkru minni væri, þá mundi hún vera keypt á Norður-löndum svo tugum þúsunda skipti. Einn fyrirlesturinn er um dauðann, og í þeim kaflanum er lýsing þess mjög skyggna manns A. J. Davis, á því sem hann sá fara fram, er gömul kona var að deyja. Og því verður ekki neitað, að stórfróðleg er sú lýsing, þrátt fyrir nokkur villandi orð, sem stafa af því að hinn skyggna manni skorti ýmsar undirstöðuhugmyndir í líffræði. Lýsingin sýnir, að lífmagnið sem losnar úr hinum deyjandi líkama, eða „hleðsla“ sú sem er líf líkamans, hagar sér alveg eins og þessi lýsandi þoka, sem kemur fram á aflsvæði miðilfundar og verða af líkamningar. Ekkert er í lýsingunni, sem mæli á móti því sem kennt er í Nýal um framhald lífsins og sköpun hins nýja líkama. Hefir nú þessi kenning mín um sköpun nýs líkama á annarri stjörnu, fengið merkilegan og mikilsverðan stuðning í nýútkominni framlífssögu Steads, hins mikla blaðamanns, og er þar undanfari meiri tíðinda. Mun ég skýra frá þessu nánar í annarri grein.

II

Þó að ég dáist einnig að þessum fyrirlestri Haralds um dauðann og sé honum þakklátur fyrir hann, þá er það ekki af því, að þar sé litið á dauðann eins og ég geri. Eftir mínum skilningi þá er eins og sýnist, dauðinn er ósigur, afleiðing þess, að ekki hefir tekist að lifna. Lífið á jörðu hér má í heild sinni skoða sem nokkurskonar yrmling (larva) eða fóstur, og eigi einungis það, heldur er þetta fóstur sjúkt. Lífið er þannig til komið, að kraftur sem kemur úr öðrum stað, tekur nokkuð af efnum jarðarinnar og lagar eftir sér, en lamast um leið og mótast sjálfur eftir jarðarefnunum. Tilgangurinn er þó auðsær, en hann er sá, að laga eftir sér jarðefnin, uns þau eru fullkomlega samstillt þessum krafti. Þegar menn hugleiða þetta, skilja þeir að dauðinn er ósigur, en tilgangur lífsins að sigra dauðann og alla örðugleika, uns lífið er fullkominn kraftur, fegurð og viska. Og jafnvel af þessari ófullkomnu viðleitni til lífs, sem er á jörðu hér, getur oss grunað margt um hina stórkostlegu framtíð lífsins, þegar komið verður á sigurleið. En nú er þeirra tíðinda ekki langt að bíða, því að nú vitum vér hvað vanþrifunum veldur. Það er skortur á sambandi við fullkomnari lífmyndir. Sambandskenning sú, sem hér er vikið að, kemur fram hjá Platóni, í þokumynd að kalla má, og þó þannig að lýsir af þokunni.

23. febr. '23.